


Ársreikningur

Fagfjárfestasjóðurinn ORK

2013



VIRÐING

REKSTRARFÉLAG

Efnisyfirlit

Árshlutareikningur - fagfjárfestasjóðurinn ORK

	Bls.
Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur árið 2013	4
Efnahagsreikningur 31. desember 2013	5
Yfirlit um breytingu á hreinni eign ársins 2013	6
Skýringar	7 - 10

Stjórn Fagfjárfestasjóðsins ORK

Kristján Einarsson, stjórnarformaður
Anna Bjarney Sigurðardóttir
Ingólfur Guðmundsson

Framkvæmdastjóri

Þórólfur Sigurðsson

Kjörinn endurskoðandi

Rýni endurskoðun ehf.
Gunnar Þór Ásgeirsson

Skýrsla stjórnar

Fagfjárfestisjóðurinn ORK er fagfjárfestisjóður í rekstri Rekstrarfélags Virðingar hf.

Ársreikningur sjóðsins er hluti af ársreikningi Rekstrarfélags Virðingar hf. sem inniheldur ársreikning félagsins ásamt ársreikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestisjóða Rekstrarfélags Virðingar hf. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og aðrir sjóðir Rekstrarfélags Virðingar. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglu um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.


Breyting á hreinni eign sjóðsins nam 30 þúsundum króna á árinu. Hrein eign sjóðsins í árslok nam 640 þúsundum króna samkvæmt efnahagsreikningi.

Við gerð ársreiknings 2012 var ekki gert ráð fyrir því að þegar bréfið var keypt af sjóðnum lögðust áfallnir vextir við höfuðstól bréfsins. Í samanburðartölum í ársreikningnum er búið að breyta samanburðartölum til samræmis við það. Um er að ræða hækkun upp á kr. 203.554.078, breytingin hefur engin áhrif á afkomu félagsins, á móti hækkun skuldabréfaeignar sjóðsins kemur samsvarandi hækkun á seljendalán til Reykjanesbæjar.

Stjórn Fagfjárfestisjóðsins ORK og framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Virðingar hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. mars 2013

Stjórn:



Framkvæmdastjóri



Aritun óháðs endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Fagfjárfestisjódönsins ORK

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fagfjárfestisjódönsins ORK fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og fyrir því að innleiða innra eftirlit að því marki sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að gera ársreikning, sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjódönsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjódönsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjódönsins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á hreinni eign á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóð og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 20. mars 2014


Rýni endurskoðun ehf.

Gunnar Þór Asgeirsson
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Fjármunatekjur			
Vextir og verðbætur		303.343.897	142.731.238
Vaxtagjöld og gangvirðisbreytingar skulda		<u>(286.385.643)</u>	<u>(138.602.760)</u>
Hreinar fjármunatekjur		<u>16.958.254</u>	<u>4.128.478</u>
Rekstrargjöld			
Umsýsluþóknun	3	10.000.000	3.467.741
Annar rekstrarkostnaður		<u>6.928.254</u>	<u>650.320</u>
Rekstrargjöld		<u>16.928.254</u>	<u>4.118.061</u>
Afkoma ársins færð á hlutdeildarskírteini		<u>30.000</u>	<u>10.417</u>

Efnahagsreikningur 31.12.2013

Eignir	Skýr.	31.12.2013	31.12.2012
Fjárfestingar:			
Verðbréf með föstum tekjum	5	5.965.128.819	6.137.778.287
Verðbréf		<u>5.965.128.819</u>	<u>6.137.778.287</u>
Kröfur:			
Aðrar kröfur		318.101	84.768
Kröfur		<u>318.101</u>	<u>84.768</u>
Aðrar eignir			
Sjóðir og bankainnstæður		84.365.493	30.125.559
Aðrar eignir		<u>84.365.493</u>	<u>30.125.559</u>
Eignir alls		<u>6.049.812.413</u>	<u>6.167.988.614</u>
Skuldir			
Eigið fé:			
Hlutdeildarskírteini		640.417	610.417
Hlutdeildarskírteini alls		<u>640.417</u>	<u>610.417</u>
Skuldabréfaútgáfa		4.352.762.466	4.196.033.454
Fjárskuldir metnar á gangvirði		1.692.519.360	1.967.877.003
Ýmsar skammtímaskuldir		3.890.170	3.467.740
Aðrar skuldir alls		<u>6.049.171.996</u>	<u>6.167.378.197</u>
Skuldir alls		<u>6.049.812.413</u>	<u>6.167.988.614</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins færð á hlutdeildarskirteini		30.000	10.417
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Áfallnar vaxtatekjur		172.649.468	(142.731.238)
Áfallin vaxtagjöld, verðbætur og gangvirðisbr.		156.729.012	138.602.760
		<u>329.408.480</u>	<u>(4.118.061)</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Verðbréf (hækkun) lækkun		(275.357.643)	(299.104)
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)		(233.333)	(84.768)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)		422.430	3.891.583
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(275.168.546)</u>	<u>3.806.815</u>
Handbært fé frá (til) rekstri		<u>54.239.934</u>	<u>(311.246)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keypt verðbréf umfram seld		0	(3.475.000.000)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>0</u>	<u>(3.475.000.000)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Útgáfa skuldabréfa		0	3.504.836.805
Hlutdeildarskirteini		0	600.000
Fjármögnunarhreyfingar		<u>0</u>	<u>3.505.436.805</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		54.239.934	30.125.559
Handbært fé í ársbyrjun		30.125.559	0
Handbært fé í lok ársins		<u>84.365.493</u>	<u>30.125.559</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Fagfjárfestasjóðurinn ORK er fagfjárfestasjóður í rekstri Rekstrarfélags Virðingar hf.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Fagfjárfestasjóðsins ORK árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða útgefnar af Fjármálaeftirlitinu.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru skráð á markaðsvirði.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til miðað við virka vexti. Meðal fjármagnsliða eru afföll, yfirverð og annar mismunur sem kann að vera á upphaflegu bókfærðu verði fjármálagerninga og fjárhæða á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir eru ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaða sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætlað samstæðan sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerninga en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

Arður

Arður er færður þegar krafa um hann myndast.

Gengismunur

Gengismunur er óinnleystur hagnaður eða tap af fjárfestingareignum. Matsbreytingar fjárfestingareigna sem og gengismunur erlendra mynta er færður í rekstrarreikningi þegar krafa um hann myndast.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Umsýsluþóknarir

Sjóðurinn greiðir Rekstrarfélagi Virðingar hf. umsýsluþóknun sem ætla er að stand undir rekstrarkostnaði og umsýslu vegna þeirra. Umsýsluþóknun er tilgreind sérstaklega í reglum sjóðsins.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Skýringar

Skattamál

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfunum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skulu skattleggjast hér á landi.

Fjárfestingarverðbréf

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í lok desember 2013. Virði annarra fjármálagerna er háð mati rekstrarfélags að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu, áætluðu endurheimtuhlutfalli og aðstæðum á markaði í lok tímabilsins.

Hlutabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði í lok desember 2013. Óskrá hlutabréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt skráðu kaupgengi sem gildi í lok desember 2013.

Bundin innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gegnismun í lok desember 2013.

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt kaupgengi í tímabilsins.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru metnar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til lækkunar langtímaskulda í ársreikningi og er innleystur í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Fjárskuldir eru metnar á gangvirði eða nafnvirði eftir því sem við á. Innleystur og óinnleystur hagnaður og tap af þessum eignum er færður í rekstrarreikning undir liðinn vaxtagjöld og gangvirðisbreytingar skulda.

Gangvirði fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra.

Skýringar

3. Hlutdeildarskirteini

Nafnávöxtun sjóðsdeilda Rekstrarfélags Virðingar hf.:	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
Fagfjárfestasjóðurinn ORK	1,25%	2,50%	5,00%
Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskirteina:		Bókfært verð	Bókfært verð
		31.12.2013	31.12.2102
Fagfjárfestasjóðurinn ORK		640.417	610.417
Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna einstakra sjóðsdeilda og fjárfestingarstefnu:			
Fagfjárfestasjóðurinn ORK			100,00%
Sundurliðun fjárfestinga sjóðsins:			
<i>Fagfjárfestasjóðurinn ORK</i>			
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl			5.965.128.819
Hlutfall			100,00%
Hlutfall skammtímalána			
<i>Skammtímalán sem hlutfall eigna sjóðsins greinist þannig</i>			
Heildareignir			6.049.812.413
Ýmsar skammtímaskuldir			3.890.170
Hlutfall			0,06%
Fagfjárfestasjóðurinn ORK			
			Markaðsverð
Skuldabréf Magma Energy			5.965.128.819
Skuldabréfaútgáfa FORK 17 09 01			(4.352.762.466)
Seljendalán Reykjanesbær			(1.692.519.360)
Handbært fé			84.365.493
Aðrar eignir og skuldir			(3.572.069)
Hlutdeildarskirteini samtals.....			<u>640.417</u>

Skýringar

4. Samanburðartölur

Við gerð ársreiknings 31.12.2012 var ekki gert ráð fyrir því að þegar bréfið var keypt af sjóðnum lögðust áfallnir vextir við höfuðstól bréfsins. Í samanburðartölum í árshlutareikninginum er búið að breyta samanburðartölunum til samræmis við það. Áhrifin hafa engin áhrif á afkomu félagsins heldur er um að ræða hækkun sem nemur kr. 203.554.078, hækkun á móti kemur á seljendalán til Reykjanesbæjar að sömu upphæð.

5. Sundurliðun vegna Magma Skuldabréfs

	31.12.2013	31.12.2012
Höfuðstóll Magma	6.289.942.651	6.289.942.651
Vaxtaviðbót við höfuðstól	223.817.126	223.817.126
Höfuðstóll við kaup	6.513.759.777	6.513.759.777
Verðbætur skv. álverðsvísitölu	648.509.923	1.059.354.465
Verðbættur höfuðstóll	7.162.269.700	7.573.114.242
Áfallnir vextir	116.983.738	123.694.199
Höfuðstóll m/áfallnum vöxtum og verðbótum	7.279.253.438	7.696.808.441
Niðurfærsla	(1.314.124.619)	(1.559.030.154)
Samtals bókfærð staða í árslok	5.965.128.819	6.137.778.287